

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

MasterCard Atlas kort útféið af Kreditkorti hf.

SJÓVÁ

MasterCard Atlas kort

Vátryggingarfjárhæðir MasterCard Atlas korts	2
1 GILDISÁKVÆÐI	2
2 VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI	2
3 SKILGREININGAR.....	3
4 FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR	3
5 FARANGUR OG TAFIR	5
6 FORFÖLL.....	7
7 ÁBYRGÐARTRYGGING VEGNA TJÓNS ÞRIÐJA AÐILA.....	8
SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR.....	8
1 ALMENN ÁKVÆÐI	8
2 ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU	9
3 FRESTUR TIL AÐ TILKYNNNA UM TJÓN - FYRNING.....	10
4 ÁGREININGUR - MÁLSMEÐFERÐ	10
SOS INTERNATIONAL – Neyðarþjónusta	10
ATHUGAÐU VEL AÐ:	12

Vátryggingarfjárhæðir MasterCard Atlas korts**Hámarksfjárhæðir í krónum**

Dánarbætur vegna slyss	4.500.000
Örorkubætur vegna slyss	4.500.000
Sjúkratrygging	2.000.000**
Ferðarof	120.000
Samfylgd í neyð	80.000
Endurgreiðsla ferðar	360.000
Farangurstrygging	160.000**
Innkaupatrygging	160.000**
Farangurstöf	12.000
Forfallatrygging	200.000*
Ábyrgðartrygging	40.000.000**
* eigin áhætta kr.	8.000
** eigin áhætta kr.	16.000

1 GILDISÁKVÆÐI

- 1.1 Vátrygging skv. eftirfarandi skilmálum er jafnan gild á ferðalögum í allt að 60 samfellda ferðadaga ef a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hefur verið greiddur með MasterCard Atlas kreditkorti eða MasterCard Atlas raðgreiðslum fyrir brottför frá heimili vátryggðs.
- 1.2 Vátryggingin nær til korthafa MasterCard Atlaskorts, maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- 1.3 Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er vátryggingin því aðeins gild, að a.m.k. helmingur þess ferðakostnaðar, hafi verið greiddur með MasterCard Atlas kreditkorti, eða gistirými bókað fyrir fram og kortnúmer gefið upp til greiðslu.
Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimil vátryggðs.
- 1.4 Einstaklingur sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið.
- 1.5 Vátryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. grein 1.1 þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- 1.6 Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í vátryggingu þessari með hliðsjón af 91. og 92. grein umferðarlaga nr. 50/1987.
- 1.7 Vátryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

2 VÁTRYGGINGARSVIÐ/GILDISTÍMI

2.1 Vátrygging þessi felur í sér:

- ferðaslysatryggingu
- sjúkratryggingu
- ferðarofstryggingu
- ferðakostnað annarra aðila
- endurgreiðslu ferðar
- viðlaga- og neyðarþjónustu
- farangurstryggingu
- innkaupatryggingu
- farangurstafatryggingu

- forfallatryggingu
- ábyrgðartryggingu

Samkvæmt nánari ákvæðum skilmála þessara.

- 2.2 Korthafi nýtur trygginga skv. skilmálum þessum meðan kort hans er í gildi og samningur er um þá milli félagsins og Kreditkorts hf. Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka váttryggingaskilmála og fyrra kort.
- 2.3 Kreditkort hf. hefur heimild til að breyta ákvæðum þessara tryggingaskilmála eða fella úr gildi enda verði korthafa tilkynnt um það á trygging hátt, sbr. viðskiptaskilmála Kreditkorts hf.

3 SKILGREININGAR

- 3.1 Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

„Félagið“ merkir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

„Korthafi“ merkir þann sem hefur MasterCard Atlas kreditkort í gildi.

„Váttryggður“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur. Þar er um að ræða korthafa MasterCard Atlas korts, maka hans, sambýlismaka og börn á framfæri til loka 22 ára aldurs.

„Slys“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á váttryggðum og gerist án vilja hans.

„Dvalarland“ merkir land þar sem váttryggður hefur: a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

„Ferðakostnaður“ merkir fargjald og gistikostnað.

„Dvalarkostnaður“ merkir gistingu, ferðakostnað, og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

„Náinn ættingi“ merkir maka, sambýlismaka, unnustu/a, barn, barnabarn, foreldri, systkini, tengdforeldri, tengdabarn, afa eða ömmu váttryggðs.

„Náinn samstarfsmaður“ merkir þann sem váttryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

„Sambýlismaki“ merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt: a) lögheimili, b) skattframtal, c) eigi barn saman, eða d) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

„Flutningsslys á munum“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum váttryggðu munum. Ennfremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.

„Létt bifhjól“ merkir bifhjól með þá vélartærð að ekki er krafist ökuskráteinis til notkunar þess.

„MasterCard Atlas kreditkort“ merkir í skilmálum þessum kreditkort með innfalda ferðatryggingaskilmála samkvæmt samningi Sjóvá-Almennra trygginga hf. og Kreditkorts hf.

4 FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR

4.1 Slys á ferðalagi

Verði váttryggður fyrir slysi á ferðalagi á váttryggingartímabilinu greiðast bætur í eftirfarandi tilvikum:

4.1.1 Dánarbætur 4.500.000 kr.

4.1.2 Um rétt til greiðslu dánarbóta fer samkvæmt 100. gr. laga nr. 30/2004. Greiðast þá dánarbætur til maka váttryggðs. Með orðinu maki, skv. lögum nr. 30/2004, er ekki átt við sambúðar-maka. Láti váttryggður ekki eftir sig maka fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja váttryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

4.1.3 Varanleg örorka, 4.500.000 kr., eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:

- * algjör varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum, 100%
- * missir handar við úlnlið eða ofar, 100%
- * algjör, varanleg lömum annarrar eða beggja handa, 100%
- * missir fótár við ökkla eða ofar, 100%
- * algjör, varanleg lömum annars eða beggja fótá, 100%
- * algjör, ólæknandi vitskerðing, 100%
- * algjör, ólæknandi lömum, 100%
- * algjört, ólæknandi heyrnarleysi, 50%
- * algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra, 30%
- * missir þumalfingurs hægri handar, 20%

4.1.4 Algjör varanleg lömum útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka, 16% og hærri, er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.

4.1.5 Sé hinn váttryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

4.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 4.1

4.2.1 Dánarbætur vegna töluliðar 4.1.1 hér að framan vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 10% af dánarbótum.

4.2.2 Sé váttryggður 60 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundraðshlutar af hámarksfjárhæðum, sem tilgreindar eru í töluliðum 4.1.1 og 4.1.3 hér að framan.

60-61 árs 90%	68-69 ára 50%
62-63 ára 80%	70-71 árs 40%
64-65 ára 70%	72-73 ára 30%
66-67 ára 60%	74 ára og eldri 20%

4.2.3 Bætur vegna töluliða 4.1.1 og 4.1.3 greiðast því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.

4.2.4 Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem váttryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verður aldrei hærri en 4.500.000 kr.

4.3 Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að 2.000.000 kr. vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem váttryggingin nær til.

Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð, 16.000 kr., í hverju tjóni.

Félagið bætir eftirfarandi:

4.3.1 Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferðinni.

4.3.2 Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.

4.3.3 Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.

4.3.4 Flutning jarðneskra leifa váttryggðs til Íslands eða dvalarlands.

- 4.3.5 Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

4.4 Ferðarof

- 4.4.1 Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld, allt að 120.000 kr., vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:
- 4.4.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs, sem búsettur er á Íslandi eða í dvalarlandi.
- 4.4.3 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- 4.4.4 Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar er rofin var.

4.5 Ferðakostnaður annarra aðila

- 4.5.1 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að 80.000 kr. vegna ættingja eða vinar váttryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir váttryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

4.6 Endurgreiðsla ferðar

- 4.6.1 Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að 360.000 kr., af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.
- 4.6.2 Váttryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur.
- 4.6.3 Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

4.7 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliða 4.3–4.6

Félagið bætir ekki:

- 4.7.1 Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- 4.7.2 Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- 4.7.3 Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- 4.7.4 Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:
- mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða
 - ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi lækni, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- 4.7.5 Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- 4.7.6 Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

5 FARANGUR OG TAFIR

5.1 Farangurs- og innkaupatrygging

Váttrygt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutnings Slyss. Skilyrt er að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða.

- 5.1.1 Félagið greiðir allt að 160.000 kr. fyrir hvern fullorðinn og allt að 800.000 kr. fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á farangri, sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi.
- 5.1.2 Félagið greiðir allt að 160.000 kr. fyrir hvern fullorðinn og allt að 800.000 kr. fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með MasterCard Atlas korti.

Váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð, 16.000 kr., í hverju tjóni.

5.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 5.1

Félagið bætir ekki:

- 5.2.1 Einstakan hlut, par eða samstæðu með hærri fjárhæð en 80.000 kr.
- 5.2.2 Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir, sem ekki rýra notagildi hins váttryggða hlutar.
- 5.2.3 Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.
- 5.2.4 Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- 5.2.5 Tjón er leiðir af eignaupptöku eða kyrrsetningu muna af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- 5.2.6 Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.
- 5.2.7 Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- 5.2.8 Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- 5.2.9 Tjón á hlutum sem einhver hinna váttryggðu tynir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum.
- 5.2.10 Tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum ferðatöskum.
- 5.2.11 Tjón á gleraugum vegna þjófnaðar, rans eða innbrots.
- 5.2.12 Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- 5.2.13 Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- 5.2.14 Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem váttryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- 5.2.15 Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í farartæki eða húsnæði.
- 5.2.16 Tjón á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.
- 5.2.17 Skilyrði fyrir bótum er að váttryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu.
- 5.2.18 Tjón í flutningi skal tilkynna flutningaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

5.3 Töf á farangri

- 5.3.1 Fá váttryggður farangur sinn ekki afhentan innan 8 klst. eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern váttryggðan 16 ára og eldri. Bætur greiðast til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna. Fyrir hverja klst. umfram 8 klst. töf greiðast kr. 1.200, að hámarki kr. 12.000. Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram. Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar váttryggður er á heimleið. Bætur eru ekki greiddar ef töfin stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað

ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

6 FORFÖLL

6.1 Forföll – bótaskyldu

Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að 200.000 kr., vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

- 6.1.1 Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins váttryggða enda vottað af starfandi lækni.
- 6.1.2 Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:
 - a) Andist.
 - b) Hljóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda sé það vottað af starfandi lækni.
- 6.1.3 Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem váttryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.
- 6.1.4 Verulegt eignatjón á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- 6.1.5 Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningfarartækis hins váttryggða á útleið skv. ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té.
- 6.1.6 Rán flutningsfars.
- 6.1.7 Greiði korthafi sérstakt forfallgjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.
- 6.1.8 Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins.

Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun.

Sérhver váttryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð, 8.000 kr., í hverju tjóni.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili váttryggðs.

6.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna töluliðar 6.1

Félagið bætir ekki:

- 6.2.1 Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt.
- 6.2.2 Tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
 - a) Tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).
 - b) Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðarinnar.
 - c) Tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágunum fjárhag hans.
 - d) Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
 - e) Breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
 - f) Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar.
- 6.2.3 Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð.

- 6.2.4 Tjón sem hlýst af því að vátryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látin í té enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- 6.2.5 Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
- 6.2.6 Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- 6.2.7 Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutning.

7 ÁBYRGÐARTRYGGING VEGNA TJÓNS ÞRIÐJA AÐILA

7.1 Ábyrgðartrygging

Félagið greiðir bætur allt að 40.000.000 kr. samtals vegna:

- a) Líkamstjóns einstaklings er leiðir af bótaskyldu atferli vátryggðs.
- b) Tjóns eða skemmda á munum er leiða af bótaskyldu atferli vátryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
- c) Kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá vátryggðum annað hvort samkvæmt íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem slysið, tjónið eða skemmdirnar urðu.
- d) Málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda vátryggðs vegna tjóns, sem félagið hefur samþykkt að bæta.

Vátryggður ber þó alltaf sjálfsábyrgð, 16.000 kr., í hverju tjóni.

7.2 Takmarkanir á bótaskyldu vegna tölulíðar 7.1

Félagið bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:

- 7.2.1 Notkun, umráðum eða eignarhaldi vélknúinna ökutækja svo og annarra vélknúinna tækja til notkunar á legi eða lofti.
- 7.2.2 Ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánnum ættingja vátryggðs.
- 7.2.3 Ábyrgð á dýrum sem tilheyra vátryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- 7.2.4 Hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða illfýsi.
- 7.2.5 Ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- 7.2.6 Ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- 7.2.7 Notkun skotvopna, fallhlífarstökki, svifflugi, svifdrekaflugi, loftbelgsflugi, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- 7.2.8 Hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða týnast á meðan þeir eru í vörslu vátryggðs.

SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR

1 ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Vátryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu. Eyðublöð fyrir tjónstilkynningar fást hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og á vefsíðu félagsins, www.sjova.is.
- 1.2 Tjónabætur greiðast inn á viðkomandi kortareikning í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að skuldfæra á kortareikning eigin áhættu í sjúkratjónum.

- 1.3 Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málssóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.
- 1.4 Vátryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- 1.5 Við andlát vátryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félaginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram líkskoðun á eigin kostnað.
- 1.6 Sé félagið bótaskyld í tjóni skv. vátryggingarskilmálum þessum og önnur vátrygging nær jafnframt til sama tjóns, greiðir félagið eingöngu bætur eftir hlutfallslegri ábyrgð.
- 1.7 Dánar- og örorkubætur greiðast samkvæmt skilmálum eins MasterCard kreditkorts, eða korti útgefnu af Kreditkort hf. en eru að öðru leyti óháðar öðrum vátryggingum, sbr. þó ákvæði í kaflanum um gildisákvæði hér að framan.
- 1.8 Bætur greiðast aðeins úr tryggingu eins MasterCard kreditkorts eða korti útgefnu af Kreditkort hf. fyrir hvern vátryggðan vegna hvers tjónsatburðar.
- 1.9 Um gildi og túlkun vátryggingarskilmála þessara fer eftir íslenskum lögum, sbr. þó gr. 7.1.c).
- 1.10 Komi í ljós að vátryggður eða sá sem kemur fram fyrir hans hönd hafi viðhaft svik til að koma fram kröfu á félagið, fellur niður allur réttur til bóta, sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingar-samninga.
- 1.11 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur.
- 1.12 Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um vátryggingar-samninga. Ákvæði skilmála þessara ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

2 ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU

Félagið bætir ekki:

- 2.1 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
 - a) beitingu eða notkun hvers kyns kjarnorkuvopna eða kjarnorkubúnaðar sem orsakað getur sprengingu, geislun, losun, dreifingu, sleppingu eða leka kjarnakleyfs efnis sem gefur frá sér geislavirkni og veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.
 - b) beitingu eða notkun efnavopna sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu, eða leka hvers kyns efnasambands í föstu formi, fljótandi eða loftkenndu og veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.
 - c) beitingu eða notkun lífræðilegra vopna, sem orsakað getur losun, dreifingu, sleppingu eða leka hvers kyns sjúkdómsvaldandi örvera, lífrænt framleiddra eiturefna (að meðtöldum erfðabreyttum lífverum eða nýjum og óþekktum eiturefnum) sem veldur varanlegri örorku eða dauða vátryggðs.
 - d) stríði, innrás, aðgerðum erlendra óvina, hernaðaráttaka, aðgerðum sem jafnast á við stríð hvort sem stríði er lýst yfir eða ekki, borgarastríði, uppreisn, byltingu, vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, borgarróstum sem jafna má við uppreisn, valdatöku hers eða valdarán.
 - e) Félagið bætir ekki tjón, skaða, kostnað eða útgjöld, hvaða eðlis sem vera kann sem beint eða óbeint orsakast af, eru afleiðing af eða eiga sér stað í sambandi við hvers kyns aðgerðir, sem gripið er til í því skyni að hafa stjórn á, koma í veg fyrir, bæla niður eða tengjast á einhvern hátt staflidum a), b), c), d) hér að ofan.
- 2.2 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af fjallaklifi, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róði er niður straumharðar ár og fljót, kappreiðum, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar.
- 2.3 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaípröttum eða notkun vélhjóna, hvort sem vátryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun létts bifhjóns, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir vátryggingu þessa.

- 2.4 Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- 2.5 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- 2.6 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af:
- a) jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
 - b) geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- 2.7 Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingarburður varð, ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.
- 2.8 Tjón sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvígi, geðveiki, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis, kynsjúkdómum eða tjón sem verða er váttryggður hefur stofnað sér í hættu að nauðsynjalausu.
- 2.9 Ef í einum og sama váttryggingarburði verður slys á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru með ferðatryggingum kortahafa Kreditkorts hf., takmarkast heildarbætur félagsins við 25 milljónir USD eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

3 FRESTUR TIL AÐ TILKYNNNA UM TJÓN - FYRNING

- 3.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:
- a) hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
 - b) hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.
- 3.2 Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

4 ÁGREININGUR - MÁLSMEÐFERÐ

- 4.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.
- 4.2 Ágreiningi um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Með greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Málskots-eyðublað vegna úrskurðarnefndarinnar er unnt að nálgast hjá félaginu, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu beggja nefndanna.
- 4.3 Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

SOS INTERNATIONAL – Neyðarþjónusta

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af MasterCard ferðatryggingu korthafa hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., að því tilskyldu að greiðsla ferðakostnaðar með MasterCard korti hafi verið samkvæmt skilmálum. Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL

er nauðsynlegt að gefa upp kortnúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður af Kreditkorti hf.

Einnig má hafa samband við Neyðarþjónustu Kreditkorts hf. (sími +354 533 1400 ef hringt er frá útlöndum) sem hefur þá milligöngu um samskipti við SOS.

Gildisákvæði

Hver sá sem hefur neyðarkort SOS ásamt gildu íslensku MasterCard kreditkorti getur kallað á aðstoð SOS, hendi hann alvarlegt óhapp á ferðalagi utan Íslands. Neyðarkortið gildir í öllum álfum heims, en takmarkast við að ferð standi lengst í 90 daga samfleytt. Maki, sambýlismaki og börn korthafa 22 ára og yngri, njóta einnig aðstoðar SOS þegar þau eru á ferðalagi.

Gildistími neyðarkortsins er sá sami og MasterCard kreditkortsins.

SOS INTERNATIONAL - Öryggisþjónusta og neyðarhjálp

Neyðarþjónusta SOS í Kaupmannahöfn, sími +45 7010 5050 er opin allan sólarhringinn árið um kring.

Hvernig er best að bera sig að í neyðartilvikum?

Ef korthafi lendir í vandræðum erlendis er einfaldast að hafa samband við neyðarþjónustu Kreditkorts hf. í síma +354 5331400 ef hringt er frá útlöndum. Þar er svarað í símann allan sólarhringinn og hægt að útskýra aðstæður í rólegheitum á íslensku. Sá sem óskar eftir aðstoð þarf að gefa upplýsingar um nafn, MasterCard kortnúmer, stað og símanúmer þar sem hægt er að hafa samband við viðkomandi. Að lokum þarf sá sem óskar eftir aðstoð að gefa stutta lýsingu á vandanum og hverskonar hjálp er óskað eftir.

Þaðan í frá er málið í höndum okkar og sérfræðinga hjá SOS og þeir veita og meta allar aðstæður og taka síðan ákvarðanir um hvað gera skuli í hverju tilviki.

Mikilvægt er að hafa fullt samráð við SOS til að tryggja sem besta þjónustu í hvívetna.

NÁNARI SKILGREINING Á AÐSTOÐ SOS

Slysa- og sjúkrahjónusta

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- * að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- * að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- * að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á tungumáli viðkomandi lands.
- * að leitað verði strax ráða lækna um möguleika á heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings. Að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- * að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- * að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- * starfsfólk SOS getur veitt þjónustu á yfir 30 tungumálum.

Ferðarþjónusta

Gefnar eru upplýsingar um eftirfarandi og veitt aðstoð sé þess óskað:

- * áritun vegabréfa, ónæmisaðgerðir, veðurfar, ástand vega og skilyrði til ferðalaga, heilbrigðisþjónustu o.fl.
- * endurnýjun glataðra eða stolinna vegabréfa, farseðla og ferðaskilríkja.

Lögfræðiaðstoð

Lendi vátryggður í slysi og/eða þarfnist lögfræðiaðstoðar, aðstoðar SOS INTERNATIONAL við útvegum lögmans.

Týndur farangur

Leita má aðstoðar SOS INTERNATIONAL við að hafa upp á týndum farangri eftir að venjuleg leit hefur ekki borið árangur, og skal þá gefa upp farangursnúmer.

Bilun einkabifreiðar

SOS INTERNATIONAL aðstoðar vegna bilunar eða umferðaróhapps, sem gerir einkabifreið korthafa á ferðalagi í Evrópu, utan Íslands, óökufæra. Aðstoð er veitt við að koma bifreiðinni á verkstæði, útvega bílaleigubíl og/eða gistingu ef þörf krefur. Aðstoðin nær ekki til bílaleigubíla.

SÍMAÞJÓNUSTA Í VIÐLÖGUM

Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn árið um kring.

Sími í Danmörku (45) 70 10 50 50

Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56

Netfang sos@sos.dk

Heimasíða www.sos.dk

Önnur mikilvæg símanúmer:

Neyðarsími Kreditkorts hf. 354-533 1400,

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 354-440 2000 („Collect“)

Netfang: kreditkort@kreditkort.is

Heimasíður:

www.kreditkort.is

www.sjova.is

Fax:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 354 440 2090

ATHUGAÐU VEL AÐ:

- * Lesa SOS INTERNATIONAL skilmálana og Sjóvá tryggingarskilmálana vel og vandlega.
- * Hafa SOS INTERNATIONAL kortið meðferðis.
- * MasterCard kortið þitt sé í gildi á meðan á ferð stendur.
- * Leggja leylinúmerið fyrir hraðbanka (pin-númer) vel á minnið en taka það ekki með í ferðina.
- * Fara aldrei ein(n) í hraðbanka að kvöldi né nóttu.
- * Tilkynna strax til Kreditkorts hf., sími +354 533 140000 (símavakt allan sólarhringinn), eða til næsta MasterCard banka ef þú týnir kortinu eða því er stolið.
- * Það er óráðlegt að hafa alla fjármuni og skjöl á sama stað.
- * Ef kortið þitt er handþrykkt og kalkipappír er á milli á úttektarseðlinum skaltu biðja afgreiðslufólkið um kalkipappírinn ásamt þínu afriti.
- * Láta kortið þitt aldrei í geymsluhólf á hótélum nema það sé 1. flokks eða 4 til 5 stjörnu hótél.
- * Vera ætíð á varðbergi þegar seðill er útfylltur að upphæð sé rétt þar sem heildarfjárhæð er skrifuð. Oft er heildarfjárhæð skilin eftir óútfyllt á veitingahúsum og er þá þjónustufólkið að biðja um þóknun (tips) og er það þá þitt að útfylla heildarfjárhæðar í reitinn.
- * Að láta kortið aldrei fara úr þinni augsýn við hverskonar afgreiðslu.

VÁTRYGGINGASKILMÁLAR

MasterCard Atlas kort útgengið af Kreditkorti hf.

The logo for SJÓVÁ, consisting of the word "SJÓVÁ" in white, uppercase letters on a blue rectangular background.

- * Að gæta kortsins og annarra verðmæta sérstaklega vel á fjölmönnum mörkuðum og skemmtistöðum, einkum þó á næturklúbbum.
- * Ef þú ert með fleiri en eitt kort, skaltu aldrei geyma þau á sama stað, því ef veskinu er stolið stendur þú uppi allslaus.
- * Halda saman öllum úttektarseðlum til hægðarauka fyrir þig við samanburð þegar til útskriftar kemur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2008.

[Efst á skjal](#)